


Farsældarlögin

Börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónustu í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld og hefur það markmið að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem skipta mestu máli fyrir farsæld barna. Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar eða sent beiðni í gegnum einhvern annan kennarar sem þeir treysta.


Tengiliður Grunnskólans Hellu er Hólmfríður Samúelsdóttir

hólmfríður@grhella.is



Samþætt þjónusta tekur til allra kerfa sem veita börnum þjónustu, hvort sem hún er veitt á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga. Þjónustan er veitt á þremur þjónustustigum:

- 1.stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur
- 2.stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu
- 3.stig – er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum



Hér fyrir neðan er texti um farsæld barna í Rangárþingi ytra

<https://vefur.skolamal.is/starfsemin/farsaeld/>